

281. fundur

Miðvikudaginn 27. maí 2020, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnason, Guðrún Lárusdóttir (í fjarfundarbúnaði), Jóhanna Hreinsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Forföll boðuðu Helga Ingólfssdóttir og Hálfdán Óskarsson áheyrnarfulltrúi. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð.

Afgreitt í tölvupósti milli funda. Samþykkt.

2. Staða á endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Verkefnið hefur frestast hjá Hagstofu Íslands vegna áhrifa Covid-19 faraldursins. Formaður og fulltrúi ráðuneytis munu funda með Hagstofunni.

3. Verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir júní 2020.

Lagður fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. júní 2020. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 1,69% frá 1. mars 2020. Lágmarksverð til framleiðenda var hækkað um 2,5% í janúar byrjun 2020. Sú hækkun kom á móts við hluta hækkunar frá þarsíðustu verðlagningu 1. september 2018. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá verðlagningu í september 2018, að frádreginni 2,5% verðhækkun í janúar 2020, er 5,52%. Að loknum umræðum og yfirferð um þróun einstakra gjaldaliða verðlagsgrundvallarins var hann staðfestur.

4. Iðnaðarlíkan.

Lagt var fram reiknilíkan verðlagsnefndar til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsögunnar og rekstraruppgjöri. Frá desember 2019 til maí 2020 er reiknuð hækkunarkrafa líkansins 1,16%. Samanlögð hækkunarkrafa frá þarsíðustu verðlagningu í september 2018, að frádreginni 2,5% verðhækkun í janúar 2020 er 3,85%.

5. Verðlagning.

Umræður um niðurstöður framlagðra gagna. Borin var fram tillaga um 5,5% hækkun á lágmarksverði til bænda og að vegið heildsöluverð mjólkurvara yrði hækkað um 4,69%, þó þannig að smjör yrði hækkað um 8% umfram aðrar vörur sem hækka samsvarandi minna. Útreikningar byggja á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur frá verðlagningu í september 2018 að frádreginni verðlagningu í janúar 2020. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 8,02% hækkun heildarkostnaðar frá 1. september 2018 og reiknaða 6,35% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá september 2018 til 1. júní 2020. Þann 1. janúar 2020 tók gildi verðhækkun sem nam að jafnaði 2,5% á verði til framleiðenda og afurðastöðva.

Ákvörðun var tekin um að lágmarksverð 1. fl. mjólkur hækki um 5,5% eða úr 92,74 kr./ltr í 97,84 kr./ltr. Jafnframt var tekin ákvörðun um að almennt heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki þann 1. júní 2020 um 4,28%. Samfara því var tekin sérstök ákvörðun um 12% hækkun á smjöri, en heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabil. Vegin hækkun heildsöluverðs er því 4,69%.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15.